HAFNARFJARÐARBÆR
SKIPULAGS- OG UMHVERFISDEILD

Skipulagsstofnun
Mótt: -6 JAN. 2000
Málnr. 2000010031

Hafnarfjörður 30.12.1999
tilv: 512.1

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

*Varðar:* ***BREYTINGU Á SKIPULAGSSKILMÁLUM DEILISKIPULAGS Í HVALEYRARHRAUNI***

***Breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997***

Hér með sendist Skipulagsstofnun til skoðunar breyting á skipulagsskilmálum deiliskipulags í Hvaleyrarhrauni, hvað varðar gr. 2.0.6 um frágang lóða, sem var í grenndarkynningu dagana 22.11.99 til 22.12.99. Breyting þessi og málsmeðferð var samþykkt í skipulags- og umferðarnefnd þann 2.11.99 og staðfest í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 9.11.99.

Engar athugasemdir bárist á athugasemdatímabilinu.

Skipulagsstofnun er hér með sent málið til yfirferðar m.t.t. auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

*Meðfylgjandi er:*

*-grenndarkynningin eins og hún var send til lóðarhafa,*

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.
amt@hafnarfj.is



HAFNARFJARÐARBÆR
SKIPULAGS- OG UMHVERFISDEILD

Hafnarfjörður 22. nóv. 99

**Til íbúa / lóðarhafa í Hvaleyrarhrauni.**

Á fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 2. nóv. s.l. var samþykkt breyting á skipulagsskilmálum deiliskipulags í Hvaleyrarhrauni á eftirfarandi grein:

**2. 0. 6 FRÁGANGUR LÓÐA.**

Allmennt gildir um frágang lóða að hver lóð lýtur ákvæðum um varðveislu hraunhellunnar á að minnsta kosti þriðjungi lóðarflatarmáls.
Til að varðveita hraunhelluna sem náttúrulega heild er sýnileg afmörkun lóða (girðingar og/eða gróðurveggir á lóðarmörkum) ekki leyfð.
Gera skal grein fyrir væntalegum skjólveggjum við hús á byggingarnefndarteikningum, jafnt legu og hæð sem og efnisvali.

**BREYTINGIN ER EFTIRFARANDI:**

Allmennt gildir um frágang lóða að hver lóð lýtur ákvæðum um varðveislu hraunhellunnar á að minnsta kosti þriðjungi lóðarflatarmáls.
Til að varðveita hraunhelluna sem náttúrulega heild er sýnileg afmörkun lóða (girðingar og/eða gróðurveggir á lóðarmörkum) ekki leyfð.
***breyting byrjar*** **Heimil er afmörkun lóða að akbraut með stoðgarði. Hámarkshæð stoðgarða miðað við akbraut er 70 cm. Stoðgarður er steinsteyptur stoðveggur, áferð skal vera sjónsteypa. Sjónsteypa skal vera ómáluð og halda einkennum óvarins steinsteypuflatar (að öðru leyti en því sem yfirborðsmeðhöndlun með glæru vatnsfælniefni gefur).**
Gera skal grein fyrir væntalegum skjólveggjum við hús á byggingarnefndarteikningum, jafnt legu og hæð sem og efnisvali.

Virðingrarfyllst
*fh. skipulags- og umhverfisdeildar*

*Anna Margrét Tómasdóttir ark.*
*amt@hafnarfjordur.is*